

Verkefni 2	Framleiðsla og útbreiðsla á gæða kynningarefni.
Markmið (SMART)	<i>Að framleiða myndefni í góðum gæðum fyrir sameiginlega markaðssetningu á Norðurlandi.</i>
Stutt verkefnalýsing	<p>Í samstarfi við fagaðila á sviði myndbandaframleiðslu, verður búið til myndefni sem nýtist bæði sveitarfélögum og ferðaþjónustufyrirtækjum á Norðurlandi eystra. Framleiðslan verður í góðum gæðum svo hægt sé að nýta efnið í öllum miðlum.</p> <p>Efnið verður notað til sameiginlegrar markaðssetningar fyrir Norðurland og komið verður upp gagnabanka hjá framleiðslufyrirtæki. Þetta myndefni mun einnig nýtast á heimasíðu Markaðsstofunnar, Norðurland.is, þar sem hver þéttbýliskjarni hefur sína eigin síðu.</p> <p>Verkefnið mun einblína á að ná myndefni til kynningar á þéttbýliskjörnum og fá þeir afnot af öllu efni.</p>
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Norðurlands
Samstarfsaðilar	Framleiðslufyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.
Tengsl við sóknar- áætlun 2015-2019	Í kafla 3.3 í sóknaráætlun segir að mikilvægt sé að auka samstarf í ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra og sameiginleg markaðssetning tryggji bestu nýtingu fjármagns og slagkraft. Sveitarfélög á svæðinu eru í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands nú þegar. Enn fremur segir í kafla 4.2, undir stefnu og áherslur í ferðaþjónustu, að setja eigi enn meiri kraft í markaðsstarf og samstarf sveitarfélaga og

	ferðþjónustuaðila, sem er samhljóma við markmið þessa verkefnis.
Árangursmælikvarði/ar	Efnið sem á að framleiða þarf að sýna þverskurð af svæðinu.
Lokafurð	Myndefni með tengingu við öll sveitarfélög á svæðinu. Myndefni sem er sýnilegt á helstu miðlum norðurlands og að hvert og eitt sveitarfélag sé komið með sér kynningarmyndband á þeim vettvangi.
Tímarammi	Verkefninu skal lokið fyrir árslok 2020.
Heildarkostnaður	6.500.000
Framlag úr sóknaráætlun 2019	6.500.000